

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 185. FUNDUR.

185. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 25. ágúst árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Áður en gengið var til dagskrár lögðu fulltrúar B-lista fram eftirfarandi bókun. Fulltrúar B-lista gera athugasemdir við að ekkert samráð var haft eða tilkynnt var um breytt fyrirkomulag á dagskrá fyrsta sveitarstjórnarfundar eftir sumarleyfi þar sem ekki var gert ráð fyrir fundargerðum byggðarráðs. Þannig gafst ekki kostur á að koma inná útsenda dagskrá byggðarráðsfundargerðum með nægjanlegum fyrirvara sbr. samþykktir sveitarfélagsins, ef óskað væri eftir. Aðeins eru þrír af sjö sveitarstjórnarmönnum sem hafa atkvæðisrétt meðan byggðarráð hefur rétt til fullnaðar afgreiðslu í sumarleyfi sveitarstjórnar.

Áður en gengið var til dagskrár bar oddviti upp tillögu um að taka á dagskrá undir 3. lið tilboð í framkvæmdir við „Brúarhvamm“ Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

- 1. Ráðning fræðslu-og félagsmálastjóra.** Sex umsóknir bárust um stöðuna. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu“ Sveitarstjórn samþykkir að ráða Eydísi Aðalbjörnsdóttur í stöðu fræðslu-og félagsmálastjóra Húnaþings vestra frá og með 15. október n.k.“ Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

### Fundargerðir nefnda.

- 2. Fundargerð Skipulags-og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.**  
Fundargerð 200. fundar frá 22. ágúst s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 3. Tilboð í framkvæmdir við „Brúarhvamm“**  
Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að ganga til viðræðna við Reynd að smíða ehf. á grundvelli tilboðs fyrirtækisins í fyrri áfanga framkvæmdar við „Brúarhvamm“ (jarðvinnu og uppsteypu stoðveggja) við Syðri-Hvammsá, sunnan verslunarhúss KVH. Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:  
Frá Reynd að smíða ehf. kr. 6.873.750  
Frá Tveimur smiðum ehf. kr. 10.934.500  
Kostnaðaráætlun hönnuðar kr. 6.222.500“  
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 15:57

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

---

Elín R. Líndal.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari.